



Kópavogsbær
b.t. Ármanns Kristins Ólafssonar, bæjarstjóra
Digranesvegur 1,
200 Kópavogi

Sent með tölvupósti á armann@kopavogur.is

Reykjavík, 3. júní 2021

Efni: Áskorun um að fara í útboð á viðhaldi, rekstri og LED-væðingu götulýsingar

Með bréfi þessu skora Samtök iðnaðarins á Kópavogsbæ að bjóða hið fyrsta út viðhald, rekstur og LED-væðingu götulýsingar í sveitarfélaginu. Þann 19. maí sl. kvað kærnefnd útboðsmála upp úrskurð í mál nr. 17/2020 Samtök iðnaðarins gegn Reykjavíkurborg og Orku náttúrunnar ohf. þar sem kærnefnd lagði fyrir Reykjavíkurborg að bjóða út þjónustu við útskiptingu og uppsetningu LED-lampa í Reykjavík. Einnig má ráða af rökstuðningi kærnefndar að rekstur og viðhald götulýsingar teljist til útboðsskyldrar þjónustu í skilningi laga um opinber innkaup, nr. 120/2016. Þess ber að geta að Reykjavíkurborg var gert að greiða 2.000.000 kr. í stjórnvaldssekt sökum brots á útboðsskyldu sinni. Úrskurðurinn fylgir erindi þessu.

Samtökin telja að úrskurður þessi hafi breiða skírskotun og sé fordæmisgefandi fyrir önnur sveitarfélög sem ber, með sama hætti og Reykjavíkurborg, að bjóða út innkaup á umræddri þjónustu. Samtökin telja jafnframt brýnt að brugðist sé hratt við úrskurði nefndarinnar og hafist sé strax handa við útboð. Hagsmunir bjóðenda eru miklir.

Samtök iðnaðarins óska eftir afstöðu Kópavogsbæjar til framangreindrar áskorunar og upplýsinga um hvenær útboðs á viðhaldi, rekstri og LED-væðingu götulýsingar í sveitarfélaginu sé að vænta. Samtökin ítreka að málið hefur gríðarlega mikla þýðingu fyrir bjóðendur og því brýnt að það tejist ekki lengur innan stjórnsýslunnar.

Virðingarfyllt,


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs